REGLUGERÐ

um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Af bifreiðum, sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem bifreiðar eru hérlendis, talið frá og með komudegi, sem hér segir:

a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi ökumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1000	2.109	9400 – 9599	6.391
1000 – 1999	2.693	9600 – 9799	6.468
2000 – 2199	2.851	9800 – 9999	6.545
2200 – 2399	3.004	10000 – 10199	6.623
2400 – 2599	3.159	10200 – 10399	6.670
2600 – 2799	3.311	10400 – 10599	6.719
2800 – 2999	3.467	10600 – 10799	6.765
3000 – 3199	3.621	10800 – 10999	6.812
3200 – 3399	3.774	11000 – 11199	6.861
3400 – 3599	3.929	11200 – 11399	7.036
3600 – 3799	4.084	11400 – 11599	7.211
3800 – 3999	4.236	11600 – 11799	7.385
4000 – 4199	4.396	11800 – 11999	7.561
4200 – 4399	4.525	12000 – 12199	7.736
4400 – 4599	4.656	12200 – 12399	7.882
4600 – 4799	4.787	12400 – 12599	8.028
4800 – 4999	4.918	12600 – 12799	8.173
5000 – 5199	5.049	12800 – 12999	8.318
5200 – 5399	5.128	13000 – 13199	8.465
5400 – 5599	5.209	13200 – 13399	8.643
5600 – 5799	5.289	13400 – 13599	8.821
5800 – 5999	5.369	13600 – 13799	8.999
6000 – 6199	5.449	13800 – 13999	9.162
6200 – 6399	5.500	14000 – 14199	9.356
6400 – 6599	5.551	14200 – 14399	9.497
6600 – 6799	5.631	14400 – 14599	9.640
6800 – 6999	5.682	14600 – 14799	9.782
7000 – 7199	5.702	14800 – 14999	9.925
7200 – 7399	5.746	15000 – 15199	10.068
7400 – 7599	5.792	15200 – 15399	10.228
7600 – 7799	5.836	15400 – 15599	10.388
7800 – 7999	5.881	15600 – 15799	10.549
8000 – 8199	5.970	15800 – 15999	10.710
8200 – 8399	6.014	16000 – 16199	10.870
8400 – 8599	6.059	16200 – 16399	11.030
8600 – 8799	6.103	16400 – 16599	11.190
8800 – 8999	6.148	16600 – 16799	11.351
9000 – 9199	6.237	16800 – 16999	11.512
9200 – 9399	6.314		

Sé eigin þyngd bifreiðar 17000 kg eða meira skal vikugjaldið hækka um 160 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg sem eigin þyngd er meiri en 17000 kg.

Af festi- og tengivögnum, sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir ekki útbúnir viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. b-lið þessarar greinar.

b) Af bifreiðum sem eru 4000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúnir eru viðhlítandi ökumælisbúnaði, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla með síðari breytingum, skal greiða þungaskatt skv. ákvæðum reglugerðar um þungaskatt. Af festi- og tengivögnum sem eru yfir 6 tonn að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt, enda séu þeir með viðhlítandi ökumælisbúnaði.

2. gr.

Þungaskatt samkvæmt a-lið 1. gr. skal greiða við komu bifreiðar til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að bifreið verði hérlendis, reiknaðan í heilum vikum. Telst brot úr viku heil vika í þessu sambandi, sbr. 1.gr.

Komi í ljós við brottflutning gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt a-lið 1. gr. reglugerðar þessarar að verutími hennar hérlendis hefur verið van- eða ofáætlaður skal eftir atvikum innheimta vangoldinn eða endurgreiða ofheimtan þungaskatt af þeim sökum. Hafi verutími verið vanáætlaður um meira en nemur 4 vikum skal innheimta dráttarvexti af þeim þungaskatti sem ógreiddur er vegna vanáætlunar. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

3. gr.

Við komu bifreiðar til landsins, sem gjaldskyld er samkvæmt b-lið 1. gr., skulu viðkomandi toll- eða löggæslumenn ganga úr skugga um að ökumælir hennar sé virkur og innsiglaður á þann hátt sem kveðið er á um í reglugerð nr. 62/1977 með síðari breytingum.

Uppfylli ökumælisbúnaður að mati toll- eða löggæslumanns þær kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar skal hann skrá stöðu mælis og númer mælis í akstursbók, sem afhenda skal umráðamanni bifreiðarinnar. Jafnframt skal skrá þessar upplýsingar í sérstaka skrá, sem viðkomandi innheimtumaður skal halda um þessar bifreiðar.

Við brottflutning bifreiðar, sem gjaldskyld er samkvæmt b–lið 1. gr., skal toll– eða löggæslumaður lesa á ökumæli hennar og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Skattinn skal greiða hjá viðkomandi innheimtumanni, sbr. þó ákvæði 2. mgr. 4. gr.

Nú er bifreið, sem gjaldskyld er samkvæmt b–lið 1. gr. staðsett hérlendis lengur en fjóra mánuði í senn, og skulu þá ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 593/1987, um þungaskatt, gilda um álestur og innheimtu þungaskatts af henni.

4. gr.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um innheimtu vaxta, viðurlög, veð, sektir og aðra framkvæmd varðandi innheimtu þungaskatts samkvæmt 1. gr. skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði reglugerðar nr. 593/1987, um þungaskatt, og reglugerðar nr. 62/1977, um ökumæla, með síðari breytingum. Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 593/1987 skulu þó ekki gilda um innheimtu þungaskatts skv. reglugerð þessari.

Ráðuneytið getur falið toll- eða löggæslumönnum að annast ákvörðun og innheimtu þungaskatts fyrir hönd viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs, ef sérstaklega stendur á.

Óheimilt er að skipa út gjaldskyldri bifreið samkvæmt reglugerð þessari nema sannað sé að þungaskattur af henni hafi verið greiddur.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1990.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

28. desember 1989 Nr. 633

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1990.

1. gr.

Á árinu 1990 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1989 samkvæmt ákvæðum B-liðar 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1989. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1989 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1990, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.